

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglugerðarinnar:

- Í stað skilgreiningar á *heilbrigðisstofnunum* kemur svohljóðandi skilgreining: *Heilbrigðispjónusta og stofur sem stunda húðrof*: stofnanir og starfsaðstaða sem læknar, tannlæknar, dýralæknar eða aðrir sem hafa sambærileg réttindi til að koma í veg fyrir og greina sjúkdóma í mönnum eða dýrum, gera að sárum og/eða hafa eftirlit með sjúkdómum. Hér er einnig átt við læknis- og líffræðilegar rannsóknastofur, hjúkrunar- og dvalarheimili og aðra umönnunarstaði fyrir fólk, fótaðgerðarstofur og stofur sem stunda húðrof eins og nálarstungur, húðgatanir og húðflúr.
- Í stað skilgreiningar á *sérstökum úrgangi frá heilbrigðisstofnunum* kemur svohljóðandi skilgreining: *Sérstakur úrgangur frá heilbrigðispjónustu og stofum sem stunda húðrof*: Úrgangur sem hefur í för með sér meiri sýkingarháttu og skaðlegri áhrif á fólk og umhverfi en annar úrgangur. Til þessa flokks heyrir smitandi úrgangur (*sóttmengaður úrgangur*), líkamshlutar og vefir, hvassir hlutir, lyfjaúrgangur, geislavirk efni og spilliefni.
- Í stað skilgreiningar á *smitandi* kemur svohljóðandi skilgreining: *Smitandi úrgangur (sóttmengaður úrgangur)*: Úrgangur frá heilbrigðispjónustu og stofum sem stunda húðrof sem inniheldur lífvænlegar örverur eða eiturhrif þeirra sem vitað er eða má ætla að geti valdið sjúkdómum í mönnum eða öðrum lífverum.
- Skilgreiningin *sóttmengaður úrgangur* fellur brott.

2. gr.

Ákvæði 15. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Sérstakur úrgangur frá heilbrigðispjónustu og stofum sem stunda húðrof.

Tryggja skal að allur sérstakur úrgangur sem fellur til vegna heilbrigðispjónustu eða vegna húðrofa sé meðhöndlaður á viðunandi hátt og að hann blandist ekki við heimilisúrgang og annan úrgang. Til að koma í veg fyrir smit, eitranir, ofnæmi, ópol, eld, íkveikju- og sprengihættu, jónandi geislun og mengun umhverfis skal gæta ítrrustu varkární og nákvæmni við meðhöndlun á sérstökum úrgangi frá heilbrigðispjónustu og stofum sem stunda húðrof.

Þeir sem hafa undir höndum sérstakan úrgang frá heilbrigðispjónustu eða stofum sem stunda húðrof eða sjá um geymslu hans, pökkun og undirbúning á flutningi skulu tryggja að meðhöndlun hans sé eins og kveðið er á um í viðauka. Stjórnendum heilbrigðisstofnana og framangreindra stofa ber að tryggja að starfsfólk þeirra sem meðhöndlar sérstakan úrgang frá heilbrigðispjónustu og stofum sem stunda húðrof og/eða efni og hluti sem verða að slíkum úrgangi fái fræðslu um meðhöndlun hans og upplýsingar um þá ábyrgð sem það ber varðandi hann. Skrá skal þjálfun og fræðslu starfsfólks.

3. gr.

Ákvæði 16. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Smitandi úrgangur o.fl.

Meðferð á sýktu heyi, dýrahræjum, smitandi sláturúrgangi og öðrum smitandi úrgangi en fjallað er um í 15. gr. skal vera á viðunandi hátt og þess gætt að hann blandist ekki við annan úrgang og valdi ekki smiti. Um meðferð á þessum úrgangi skal hafa samráð við hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd og viðkomandi heraðsdýralækni eftir því sem við á. Að öðru leyti er vísað til reglugerðar um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

4. gr.

Nýr viðauki I sem birtur er með reglugerð þessari kemur í stað nágildandi viðauka I.

Nr. 1062

15. nóvember 2018

5. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í a–d-lið 43. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi haghafa, sbr. 1. mgr. 43. gr. sömu laga. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 15. nóvember 2018.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

VIÐAUKI I

Meðferð á sérstökum úrgangi frá heilbrigðisþjónustu og stofum sem stunda húðrof.

Meginflokkar úrgangs frá heilbrigðisþjónustu og stofum sem stunda húðrof eru heimilisúrgangur og sérstakur úrgangur.

Meðhöndla þarf allan úrgang frá heilbrigðisþjónustu og stofum sem stunda húðrof með varkární og nákvæmni þar sem hann getur haft beina hættu í för með sér fyrir fólk, dýr og umhverfi.

Flokka skal úrgang frá heilbrigðisþjónustu og stofum sem stunda húðrof á upprunastað. Sérstökum úrgangi skal tafarlaust pakkað í viðeigandi umbúðir eftir að hann hefur myndast, hann merktur og komið í geymslu í loftræstu og lokuðu rými þar til hann er fluttur til förgunar. Sá sem sér um flutning á sérstökum úrgangi frá heilbrigðisþjónustu og stofum sem stunda húðrof skal hafa starfsleyfi hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar. Koma skal í veg fyrir að úrgangurinn verði fyrir hnjasí við flutning til förgunar og tryggja ber að honum verði eytt á viðurkenndan hátt. Halda skal kvittunum um móttöku, hvort sem er á pappír eða á tölvutæku formi, til haga fyrir eftirlitsaðila.

Flokkar sérstaks úrgangs.

Sérstakur úrgangur flokkast í eftirfarandi:

1. Smitandi úrgang (sóttmengaðan úrgang):

Úrgangur frá sjúklingum í einangrun vegna ónæmra baktería eða smitsjúkdóma.

Einnota áhöld menguð smitefni frá sýktum sjúklingi og umbúðir og sýni frá sýktum sárum.

Blöðsmitaður úrgangur, blóð og blóðmenguð einnota áhöld og hlutir. Þó má flokka notuð tíðabindi og túrtappa, minni sáraumbúðir eins og plástra og bómull með þurru blóði með almennum úrgangi (sambærilegum blöðsmituðum úrgangi sem fellur til sem heimilisúrgangur).

2. Líkamshluta og vefi:

Líkamsvefir, ónotaðir skimaðir blóðhlutar eða líkamsleifar úr fólkí og dýrum t.d. frá skurðstofum, krufningarstofum, rannsóknum eða starfsemi dýralækna.

3. Hvassa hluti:

Nálar og sprautur.

Skurðhnífablöð.

Rakblöð.

Mjög brothætt gler.

Annað sem getur hugsanlega skorið eða stungið.

4. Lyf, þar með talið frumubreytandi efni sem geta haft stökkbreytingar í för með sér.

5. Geislavirkan úrgang, þar á meðal úrgang frá skönnum, óm- og sneiðmyndatækjum og annað samkvæmt reglum Geislavarna ríkisins.

6. Spilliefni, þar á meðal rotvarnarvökvi, rafhlöður, kvikasilfur og annað, sbr. reglugerð um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.

Meðferð, pökkun úrgangs á upprunastað, flutningur og förgun.

Við frágang sérstaks úrgangs frá heilbrigðisþjónustu og stofum sem stunda húðrof skal gæta fyllsta öryggis við pökkun, geymslu og aðra meðferð.

1. Almennar reglur:

Meðhöndla skal öll ílát fyllt sérstökum úrgangi með varúð.

Ílát undir sérstakan úrgang skulu vera greinilega merkt, þannig að ekki leiki vafí á að þau innihaldi slíkan úrgang.

Nota skal tvöfalta poka þegar þess er þörf.

Óheimilt er að hella fljótandi efnunum beint ofan í poka. Koma skal vökvum fyrir í lekaheldum ílátum fyrir sérstakan úrgang áður en þeir eru settir í poka.

Ílát skulu ekki fyllt nema að $\frac{3}{4}$ hlutum af rúmmáli þeirra og þeim lokað tryggilega, t.d. skal loka pokum með þar til gerðum böndum sem ekki er hægt að opna.

Ekki má skilja þannig við ílát eða poka að þeir geti oltið út á hlið eða að þannig að innihaldið geti lekið út.

2. Umbúðir úrgangs:

Smitandi úrgang (sóttmengaðan úrgang) sem búið er að dauðhreinsa skal setja í viðeigandi ílát og hann merktur „dauðhreinsað – ekki smitandi“.

Smitandi úrgang (sóttmengaðan úrgang) sem ekki er búið að dauðhreinsa skal setja í gulan poka úr þykku plasti eða ílát með merkingu sem sýnir að innihald er smitandi.

Líkamshluta og vefi skal setja í gulan poka eða ílát úr þykku plasti og geyma í kæli eða frysti fram að flutningi í förgun.

Hvassa hluti skal setja í ílát úr þykku plasti með þéttu loki.

Spilliefni skal setja í traustar umbúðir.

Lyf skal setja í ílát með þéttri lokun.

Geislavirkum úrgangi skal pakkað samkvæmt fyrirmælum Geislavarna ríkisins.

3. Meðferð einstakra tegunda sérstaks úrgangs frá heilbrigðispjónustu eða stofum sem stunda húðrof:

Dauðhreinsa skal smitnæm og hættumerkt sýni áður en þau eru flutt frá viðkomandi starfsemi. Þó er heimilt, þegar aðstæður leyfa, að flytja smitandi úrgang (sóttmengaðan úrgang) án undangenginnar dauðhreinsunar þegar öruggt er að umbúnaður sé tryggur og að smitandi úrgangurinn (sóttmengaði úrgangurinn) er fluttur til förgunar í móttökustöð sem hefur stafsleyfi fyrir slíka förgun.

Ganga skal frá öllu blóði og blóðmenguðum hlutum á sama hátt hvort sem þeir koma frá einstaklingum í áhættuhópi eða ekki. Þó má flokka notuð tíðabindi og túrtappa, minni sáraumbúðir eins og plástra og bómull með þurru blóði með almennum úrgangi (sambærilegum blóðsmituðum úrgangi sem fellur til sem heimilisúrgangur).

Líkamshluta og vefi skal geyma í kældu rými. Þá má ekki geyma lengur við herbergishita en í fjóra tíma og ekki lengur en í þrjá sólarhringa í kæliskáp. Djúpfrysta skal það sem geyma þarf í lengri tíma.

Ílát undir hvassa hluti skal ekki fylla meira en nemur $\frac{3}{4}$ af rúmmáli þess.

Um önnur spilliefni fer samkvæmt reglugerð um spilliefni.

Úrgangslyfjum ber að safna í tilskilin ílát og merkja sérstaklega, t.d. sem „lyf til eyðingar“ eða „sóttmengað – brennist“.

Geislavarnir ríkisins gefa upplýsingar um meðferð á geislavirkum úrgangi.

4. Flutningur:

Einungis aðilar sem hafa stafsleyfi frá heilbrigðisnefnd til flutninga á spilliefnum mega annast flutning á sérstökum úrgangi frá heilbrigðispjónustu og stofum sem stunda húðrof, sbr. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Úrgangur skal undirbúinn og fluttur til förgunar í samræmi við eftirfarandi:

Smitandi úrgangur (sóttmengaður úrgangur) skal dauðhreinsaður á viðkomandi stofnun eða fluttur af viðurkenndum aðila til móttökustöðvar. Að fengnu leyfi viðkomandi heilbrigðisnefndar má flytja smitandi úrgang til brennslu í móttökustöð án undangenginnar dauðhreinsunar. Óheimilt er að flytja smitandi úrgang án undangenginnar dauðhreinsunar til urðunar í móttökustöð.

Um flutning á geislavirkum úrgangi fer samkvæmt reglum Geislavarna ríkisins og reglugerðar um flutning á hættulegum farmi.

Annar úrgangur skal fluttur til móttökustöðvar.

5. Förgun:

Brennsla, samkvæmt ákvæðum reglugerðar um brennslu úrgangs.

Urðun, samkvæmt ákvæðum reglugerðar um urðun úrgangs.

Mismunandi aðferðir við meðhöndlun á úrgangi frá heilbrigðispjónustu og stofum sem stunda hárof.

Tafia

	Smitandi úrgangur	Líkamshlutar og vefir	Hvassir hlutir	Lyf	Geislavirkur úrgangur	Spilliefni
Frágangur og pökkun	<p>Smitandi úrgang skal setja í gula poka eða ílát með merkingu sem gefur til kynna að innihald sé smitandi.</p> <p>Dauðhreinsaður úrgangur skal settur í viðeigandi ílát fyrir almennan úrgang og merktur „dauðhreinsað“.</p>	<p>Líkamshlutí og vefí skal setja í gula poka úr þykku plasti eða ílát úr þykku plasti og geyma í kæli eða frysti.</p> <p>Geyma við herbergishita að hámarki 4 klst. og geyma í keli að hámarki þríja sólarhringa. Við lengri geymslu skal dýpfrysta.</p>	<p>Hvassa hluti skal setja í ílát úr þykku plasti með þéttu loki.</p> <p>Ílát skal ekki fylla meira en nemur $\frac{3}{4}$ af rúmmáli þess.</p>	<p>Setja í þar til gert ílát með þéttri lokun. Merkja sem „lyf til eyðingar“ eða „sóttmengað – brennisti“.</p>	Samkvæmt fyrirmælum Geislavarna ríkisins um meðferð geislavirks úrgangs.	<p>Sjá reglugerð um spilliefni. Spilliefnum og umbúðum þeirra má hvorki blanda saman við önnur spilliefni né annan úrgang, efni eða efni við. Við söfnun, flutning og tímabundna geymslu spilliefna skal setja þau í viðeigandi umbúðir og þau merkt á viðeigandi hátt.</p>
Flutningur	Fluttur til móttökustöðvar af viðurkenndum aðila.	Fluttur til móttökustöðvar af viðurkenndum aðila.	Fluttur til móttökustöðvar af viðurkenndum aðila.	Fluttur til móttökustöðvar af viðurkenndum aðila.	Samkvæmt fyrirmælum Geislavarna ríkisins um flutning geislavirks úrgangs.	<p>Við flutning spilliefna á milli staða skulu fylgja auðkennisskirteini þar sem fram koma m.a. helstu upplýsingar um spilliefnin. Spilliefni skal flytja til söfnunar- og móttökustöðva sem hafa fengið starfsleyfi til að meðhöndla spilliefni.</p>
Förgun	<p>Dauðhreinsaður: Urðun eða brennsla.</p> <p>Ekki dauðhreinsaður: Brennsla.</p>	Urðun eftir hitameðferð eða brennsla.	Urðun eftir hitameðferð eða brennsla.	Brennsla.	Samkvæmt fyrirmælum Geislavarna ríkisins um förgun geislavirks úrgangs.	Endumýting, urðun eða brennsla.

Viðurkenndur aðili er flutningsaðili með starfsleyfi heilbrigðisnefndar til flutnings spilliefna eða rekstraraðili sjálfur ef um er ræða lítið magn úrgangs, sbr. reglugerð um spilliefni.